


## Að læsa útliti heimaskjás

Hægt er að læsa útliti heimaskjás til að koma í veg fyrir að atriði á heimaskjánum séu fjarlægð eða þau færð.

Farðu inn í **Stillingar** á símanum og leitaðu þar að **Heimaskjár** (mjög líklega mynd af húsi við valmyndina)

Undir Heimaskjár velurðu **Læsa útliti heimaskjás**.



Sumum reynist erfitt að opna tilkynningaskjáinn með því að strjúka niður efst frá skjánum. Það er hægt að breyta stillingum þannig að hægt sé að strjúka niður hvar sem er á skjánum til þess að opna tilkynningaskjáinn.

